

81 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvíkjandi þingsályktun út af tillögum yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktan út af tillögum yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1886 og 1887, er samþykkt var á síðasta þingi, svo hljóðandi :

«Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um :

1. Að framvegis, þegar hinir sjerstöku reikningar fyrir tekjum landssjóðs tilfæra einhverjar upphæðir sem eptirstöðvar, þá fylgi þar með skýrsla um, hvar þær standi, og hverjar ráðstafanir hafi verið gerðar til að innheimta þær.
2. Að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri afborgun, í lengsta lagi til 28 ára.
3. Að brunabótagjald fyrir hús embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði til tryggingar fyrir hann greitt af embættislaunum þeirra.
4. Að fyrirv. háyfúrdómara Jóni Pjeturssyni, er fengið hefur 200 kr. styrk til að gefa út kirkjurjett, verði settur hæfilegur frestur til að ljúka við útgáfuna, ella verði honum gert að skyldu að endurborga styrkinn.

Jafnframt hafið þjer af þeim ástæðum, sem nákvæmar eru teknar fram í brjefi yðar, lagt það til, að þrír fyrstu liðir áskorunarinnar sjeu teknir til greina, hinn þriðji þó að eins að svo miklu leyti sem brunabótafjelög þau, sem hafa umrædd hús í ábyrgð, hafa umboðsmenn í Reykjavík, sem annast um að ábyrgðargjöldunum sje veitt móttaka við jarðabókarsjóðinn í tæka tíð. Að því er snertir 4. lið ályktunarinnar látið þjer í ljósi, að nú hafi gangskör verið gjörð að prentun rits þess, sem þar er um að ræða, og muni þetta atriði því að líkindum lagast af sjálfu sjer.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til þóknanlegrar vitundar, til þess að þjer látið kunngjöra það í B.-deild Stjórnartíðindanna, að jeg fellst á tillögur yðar um þrjú fyrstu atriði þingsályktunartillögunnar, og að því er snertir 4. atriðið er yður samdóma um, að vegna líkinda þeirra sem eru til þess að það mál lagist, sje að sinni ekki ástæða til að gjöra neitt í því efni.

82 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um «quæstiones solvendæ». — 25. júní Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 12. f. m. sent mjer erindi biskupsins á Íslandi, þar sem hann fer fram á, að hætt verði að senda kandiötum í guðfræði «quæstiones solvendæ», sem fyrirskipaðar eru í tilskipun um latínuskólana á Íslandi, 3. maí 1743, sakir breytinga þeirra, sem orðnar eru á fyrirkomulagi skólanna, og hafið þjer tekið fram, að þessi tilskipun, sem samkvæmt fyrirsögninni að eins á við þá, er útskrifaðir eru frá latínuskólanum á Íslandi, hafi aldrei verið álitin gildandi gagnvart guðfræðiskandiötum frá háskólanum, og geti að yðar álitu heldur ekki orðið beitt gegn þeim, sem útskrifaðir eru frá prestaskólanum, þar sem hún að eins snertir ástandið, sem var, áður en prestaskólinn var stofnaður. Með þessari athugasemd hafið þjer skotið málinu til stjórnarráðsins.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega gefið til þóknanlegrar vitundar, til þess að þjer hirtið það biskupinum, að jeg verð að vera yður samdóma um, að ákvarð-

anirnar um hinar fyrnefndu «*quæstiones solvendæ*» verði að teljast úr gildi gengnar við breytinguna á lærða skólanum 1846 og stofnun prestaskólans þar á eptir.

82

26. júní

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um hlunnindi til handa sparisjóði*. — Útaf innkomnu bónarbrjefi og samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingja er veitt í tilsk. 5. jan 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, veiti jeg hjer með sparisjóði Vopnafjarðarhrepps í Vopnafirði fyrst um sinn um 5 ára tímabil, er teljist frá 1. septbr. næstkomandi, öll þau hlunnindi, er getur um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, sem sett hefur verið fyrir sjóðnum, skerðist ekki, að ákvarðana um reikningsskil í lögum sjóðsins sje vandlega gætt, og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum sjóðsins; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að verða gjörð á lögum sjóðsins, og frá því, er skipt er um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt 3. grein laganna.

83

26. júní

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, þjónustusamlega að tilkynna sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðs Vopnafjarðarhrepps.

Brjef landshöfðingja til *stiptyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli*. — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. marz þ. á. hafið þjer, herra amtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað beiðni prestsins að Tjörn í Svarfaðardal, sjera Kristjáns Eldjárns Þórarinssonar, þar sem hann fer fram á að sjer verði leyft að taka 200 kr. lán, er hann óskar að geta fengið úr landssjóði, handa nefndu prestakalli, til þess að láta grafa skurð og vörzlugarð fyrir ofan túnið á prestssetrinu Tjörn, til varnar því að það skemmist af skriðufalli úr fjallinu fyrir ofan bæinn og til þess að geta jafnframt þurkað upp mýri, sem sje innantúns, fleiri dagsláttur að stærð, er líkindi sjeu til að gjöra megi að bezta túni, og hafa stiptyfirvöldin mælt með beiðni þessari.

84

30. júní

Fyrir því læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá stiptyfirvöldunum, að jeg hjer með veiti samþykki mitt til, að nefndur prestur megi taka 200 króna lán, sem þó ekki getur fengizt úr landssjóði, handa Tjarnar-prestakalli í Svarfaðardal til hinna um getnu endurbóta á prestssetrinu, þó með því skilyrði, að lánið eigi verði tekið fyrr en sannað er með lögmati skoðunargjörð dómkvaddra manna, að búið sje að framkvæma hinar umgetnu jarðabætur, og að höfuðstóll lánsins með vöxtum verði endurborgaður að fullu í síðasta lagi innan 10 ára frá lántökudegi.

Brjef landshöfðingja til *sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurgreiðslu á vínfangatolli*. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer með meðmælum yðar beiðni kaupmanns L. Popps á Sauðárkrók um endurgjald á tolli af 3 fötum af 16° spritti, er hann fjeck með skipinu, «*Familien*», 21. apríl þ. á., og sem hann kveðst hafa í hyggju að endursenda, af því að varan hafi reynzt ill og nær því ódrekkandi, þegar ílátin voru opnuð, eptir að skil höfðu verið gjörð fyrir tollinum.

85

14. ágúst

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeining-